

Ritgjörðir hans eru ótölulega margar. Efni flestra þeirra eru "Uppfræðslumál," "Trúarréttisýni," "Einstaklings réttindi," "Borgaralega skyldur," "Þjóðfrelsi," og allslags umbætur í byggðum og borgum. Allar eru þær mjög einkennilegar. Í flestum þeirra dregur hann fram eitthvert dæmi eða smásögu, úr viðburðarlífi þjóðarinnar sjálfrar, og með þeim dæmum útskýrir hann, það sem hann skrifar um í það skiftið. Flestar eru það sögur er menn kannast óljóst við, er nokkuð eru kunnugir sögu þjóðarinnar. En í frásögu hans fá þær líf, virkilegaleika og djúpa þýðingu. Hann kendi þjóðinni á hennar eigin máli, með dæmi feðranna, úr smásögusafni þjóðlífsins. Þessvegna eru öll hans rit líka þjóðlegust og alþýðlegust allra þeirra er ritað hafa í Bandaríkjunum. Hann sótti nauðalítið til Grikkja eða Rómverja, og þó þekkti hann sögu þessara þjóða vel. Zeus-pater og De-meter bregða ekki upp stóru ljósi yfir vandamálum og skuggahliðum þjóðlífsins nú á dögum, og eiga naumast meira erindi inn í bókmentaríki vort, vestrænna þjóða, en vængjuðu nautin—fornu. Kosturinn við allar ritgjörðir hans er sá, að myndir þeirra og þýðingar eru allar þjóðlegar, dregnar fram úr þjóðlífinu sjálfu, og leysa úr viðfángsefnum þjóðfélagsins sjálfs, á þann hátt að þjóðin er sinn eigin kennari og leiðsögumaður. Það eflir ekki lítið þjóðarþróttinn og sjálfstraustið sem í þeim efnum er svo ómissandi. "Sjálfr leið þik sjálfann," voru Dr. Hale ekki ógeðfeld orð. Sannvizka mannsins vekur einstaklinginn til hugsana og áhvarðana þegar til kasta kemur. Dæmi feðranna einkennir líf hverra þjóðar útaf fyrir sig, gefur því séreinkennin, og þegar til kasta kemur hvetja þau dæmi þjóðina til að viðhalda þeim séreinkennum, sínu einstaklings lífi. Og einkenni Bandaríkjanna þjóðarinnar er, að skoðun Dr. Hale's, almanna rjettindi—það eru lífs-einkenni alls lýðveldis. Kemur þessi skoðun hans fram, sem annarstaðar, í kafla úr ritgjörð er birtist í þýðingu í fjórða árg. "Heimis" og nefndist "Þjóðveldi."

Dr. Hale er af landnema ættum Nýs Englands ríkjanna og fæddur 3 Apríl, 1822, í Boston. Mentun sína hlaut hann alla í fæðingar borg sinni, gekk fyrst í latínu skólann í Boston og að